

Kæru íbúar Flóahrepps

Haustið hefur heilsað upp á okkur með fallegri litadýrð og nokkuð stilltum og björtum dögum í september. Við í Flóahreppi sluppum nokkuð vel í lægðinni sem gekk yfir landið með látum undir lok mánaðarinis en því miður hafði lægðin mikil áhrif víðsvegar um landið. Við vitum aldrei hvenær veðráttan lætur finna fyrir sér en það er ljóst að öfgar í veðurfari er eitthvað sem við erum að sjá æ oftar.

Á næstu vikum munu íbúar verða þess varir að ný sorptunna bætist við grunnlátin við íbúðarhús. Þó að komið verði með nýja tunnu þá er ekki þörf á að byrja að nota hana fyrr en um áramót þegar breytingar á lögum um úrgangsmál taka gildi. Breytingarnar á lögnum hafa áhrif um allt land og munu íbúar þurfa að flokka í fjóra flokka: almennt, lífrænt, plast sér og pappi sér ásamt því að sveitarfélagið mun koma fyrir grenndargámum fyrir ál, gler og textíl. Nánar var fjallað um þetta í síðasta blaði Áveitunnar. Fyrirkomulag flokkunar og þær breytingar sem verða gerðar um áramót verða nánar kynntar fyrir íbúum þegar nær dregur og hvet ég ykkur til að fylgjast vel með því. Fyrirkomulag sorpflokkunar á landinu öllu mun nú verða samræmt og gjaldskrár munu endurspeglar árangur sorpflokkunar í sveitarfélaginu. Það er því til mikils að vinna að flokka allan úrgang vel þar sem það skilar okkur lægri sorphirðugjöldum.

Sveitarfélagið er að undirbúa útboð á snjómokstri fyrir veturinn og munu auglýsingar birtast á næstu vikum. Við hvetjum áhugasama til þess að fylgjast vel með.

Stofnaður hefur verið vinnuhópur um uppbyggingu við Flóaskóla og á skólalóð skólans. Vinnuhópnum er ætlað að fullklára þarfagreiningu ásamt því að setja fram tímasetta áætlun um uppbygginguna. Ljóst er að þörf á viðbótar húsnæði við skólann er til staðar og mun sveitarfélagið skoða möguleika og útfærslur á þeirri viðbót. Til að bæta aðstöðu á skólalóð hefur nú verið gengið frá kaupum á fjórum nýjum körfuboltakörfum sem og ærslabelg og er von á því að þetta verði sett upp á næstu dögum. Að auki hefur Ingvar Guðni á Tanga boðist til að smíða fimm frísbílgölfkörfur sem settar verða upp á skólalóðinni. Það er ómetanlegt fyrir samfélagið okkar að finna fyrir áhuga og velvild eins og Ingvar Guðni sýnir okkur með þessari gjöf.

Vinna við fjárhagsáætlunargerð er að fara í gang af fullum krafti en ljóst er að halda þarf þétt um taumana á öllum sviðum í fjármálum sveitarfélagsins. Mikilvægt er að forgangsraða verkefnum og á sama tíma þarf að leitast við að sinna lögbundnum verkefnum sveitarfélagsins eftir bestu getu. Íbúafjöldi hefur farið vaxandi í Flóahreppi og ásókn er í að skipuleggja lóðir í sveitarfélaginu. Ljóst er að þörfin á íbúðarhúsnæði er til staðar á svæðinu. En samhliða uppbyggingu og fjölgun íbúa er mikilvægt að huga að innviðum sveitarfélagsins. Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að þeir vaxtaverkir sem fylgja íbúafjölgun kunna að kalla á töluverðar fjárfestingar hjá sveitarfélaginu líkt og er að gerast allt í kringum okkur. Á uppbyggingartíma og á tímum aukinnar verðbólgu er ljóst að sveitarfélagið þarf að sýna aðhald í öllum reksti til að standa undir skyldum sínum.

Það var ánægjulegt að sjá leikskólanum Krakkaborg takast markmið sitt í söfnun fyrir Bamba gróðurhúsi en það var tekið á móti því og þriðja Grænfánanum á dögnum við skemmtilega

athöfn. Samfélagið sýndi að við getum látið drauma rætast þegar við tökum öll höndum saman.

*Að lokum vil ég minna á að umsóknarfrestur vegna hvatagreiðslna til íþróttalista- og tómstundaiðkunar er til 1. nóvember. Foreldrar/forráðamenn barna á aldrinum 6-18 ára sem eiga lögheimili í Flóahreppi geta sótt um greiðslunar. Umsóknir eru sendar rafrænt í gengum heimasíðuna [www.floahreppur.is/umsokn-hvatagreidslur/](http://www.floahreppur.is/umsokn-hvatagreidslur/)*

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri